

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 826, 6. september 2011,
um loðnuveiðar íslenskra skipa á haust- og vetrarvertíð 2011 til 2012.

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. bætist nýr málsl. sem orðist svo:
Fyrir úthlutun aflamarks til einstakra skipa, skal draga 1,33% frá úthlutun sbr. 5. og 6. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 9. september 2011.

F. h. r.

Indriði B. Ármannsson.

Þórhallur Ottesen.